



Lúxemborg, 2. október 2015

FRÉTTATILKYNNING 07/2015

Dómur í máli E-3/15 *Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz* gegn *Gemeinde Vaduz*

RÉTTUR TIL MÁLSKOTS VEGNA ÁKVARÐANA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá dómstóli í Liechtenstein (*Staatsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein*) varðandi túlkun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið („tilskipunin“).

Í nóvember 2013, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, komst ríkisstjórn Liechtenstein að þeirri niðurstöðu að framkvæmdir á vegum bæjaryfirvalda í Vaduz við stækkun á landfyllingu væru í samræmi við umhverfislöggjöf þar í landi. Engu að síður var úrlausn um ákveðin atriði sem tengjast mati á umhverfisáhrifum frestað til síðari málsmeðferðar. Samkvæmt hinni síðari málsmeðferð hafa frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála ekki rétt til málskots. Slík félagasamtök, *Liechtensteinische Gesellschaft für Umweltschutz*, leituðu til dómstóla í Liechtenstein í þeim tilgangi að fá ákvörðun ríkisstjórnarinnar hnekkt að því leyti sem hún frestaði úrlausn um ákveðin atriði til síðari málsmeðferðar. Dómstóllinn beindi til EFTA-dómstólsins nánar tilgreindum spurningum um gildi og réttaráhrif tilskipunarinnar að landslögum, túlkun á 11. grein tilskipunarinnar varðandi réttinn til þess að vefengja efnislegt eða formlegt lögmæti ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum og áhrif þess að að brotið væri gegn slíkum málskotsrétti.

Dómstóllinn tók fram að tilskipunin hefði formlega verið tekin upp í EES-samninginn þann 8. desember 2012. Frestur til innleiðingar hefði runnið út sama dag. Liechtenstein hafi því borið skylda til þess að innleiða tilskipunina í landsrétt og beita ákvæðum hennar við málsmeðferðina í tengslum við mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar sem málið varðaði.

Dómstóllinn rakti dómaframkvæmd sína þess efnis að það leiddi ekki af EES-reglum að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri gætu borið fyrir sig óinnleiddar EES-reglur fyrir landsdómstólum. Liechtenstein hefði þó kosið að beita EES-reglum í landsrétti sínum án þess að sérstakrar innleiðingar væri þörf, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Það færi eftir lögum Liechtenstein hvort ákvæðum tilskipunar yrði beitt með beinum hætti þegar þau stönguðust á við landslög. EES-ríkjunum bæri skylda samkvæmt 3. grein EES-samningsins til að gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að tilskipun sem innleidd hefði verið gengi frammar ósamrýmanlegum landslögum og tryggja framkvæmd og virkni tilskipunarinnar. Í öllu falli fælist það í markmiðum EES-samningsins að landsdómstólum bæri skylda til þess að túlka landslög í samræmi við EES-reglur að svo miklu leyti sem unnt væri.

Dómstóllinn tók fram að 11. grein tilskipunarinnar hefði það að markmiði að tryggja þeim hluta almennings sem mál varðaði, þar á meðal frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfismála, víðtækan aðgang að réttarkerfinu í þeim tilgangi að varðveita, vernda og auka gæði umhverfisins og vernda heilbrigði manna. Þrátt fyrir að EES-ríkin hefðu svigrúm til að ákveða

á hvaða stigi ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum væri vefengjanleg mættu slík úrræði ekki gera það að verkum að nánast útilokað eða óhóflega erfitt yrði að nýta þau réttindi sem fælust í tilskipuninni. Frestun úrlausnar um mikilvæg umhverfisatriði líkt og þau sem finna mætti í 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar til síðari málsmeðferðar, þar sem frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála hefðu ekki rétt til þess að vefengja ákvörðun, samrýmdist ekki 11. gr. tilskipunarinnar, þar sem slíkt myndi svipta þau málskotsrétti sínum.

Að endingu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að í tilvikum þar sem brotið væri gegn áðurnefndum málskotsrétti og ekki væri til að dreifa sérstökum EES-reglum um réttarúrræði á tilteknu sviði þá væri það, að teknu tilliti til meginreglna um jafnræði við málsmeðferð og skilvirkni, á forræði EES-ríkjanna að mæla fyrir um lögsögu dómstóla og málsmeðferðarreglur í tengslum við málshöfðun einstaklinga og lögaðila vegna réttinda þeirra að EES-rétti.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.